



Iðnaðarráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
skrifstofustjóri
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júní 2008
Tilvísun: 2008060007
Bréfalykill: 50.4.4
Verknúmer: 1093000

Efni: Umsögn Orkustofnunar vegna umsóknar Icelandic Water Holdings ehf. um leyfi til að nýta lindir í landi Hlíðarenda í Ölfusi til vatnsvinnslu

Vísað er til bréfs iðnaðarráðuneytisins um málefnið til Orkustofnunar dags. 6. júní 2008, ásamt meðfylgjandi umsókn Icelandic Water Holdings ehf. dags. 3. júní 2008.

Umsögn Orkustofnunar vegna umsóknar Icelandic Water Holdings ehf. um leyfi til að nýta lindir í landi Hlíðarenda í Ölfusi til vatnsvinnslu þarfnast nokkurs inngangs vegna forsögu málsins, en að beiðni umhverfisráðuneytisins hefur Orkustofnun sem faglegur umsagnaraðili komið að kærumáli til þess ráðuneytis vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum vatnsverksmiðju að Hlíðarenda. Afrit af umsögnum Orkustofnunar um það mál dags. 4. febrúar, 12. júní og 19. júní 2008 hafa verið send til iðnaðarráðuneytisins.

Með umsókninni fylgir greinargerð Almennu verkfræðistofunnar og ÍSOR "Vatnsvinnsla á Hlíðarenda - Vatnafar og umhverfisþættir" dags. 4. júní 2008. Til hennar er vitnað í umsóknarbréfinu varðandi nánari upplýsingar og sjálf inniheldur greinargerðin beinar yfirlýsingar í nafni Icelandic Water Holdings ehf. Hér á eftir verður því litið svo á að greinargerðin sé hluti af umsókninni og að skuldbindandi yfirlýsingar sem þar koma fram séu gefnar í umboði umsækjanda. Greinargerðin inniheldur auk þess ýmsar gagnlegar upplýsingar, en þær eru þó í bland við nokkrar rangfærslur sem sumar hverjar snerta fyrri aðkomu Orkustofnunar að málinu. Ekki er ljóst hvaða tilgangi framsetning þeirra á að þjóna í samhengi við fyrirliggjandi umsókn, en fyrir utan tilraun til leiðréttingar hér á eftir skulu þær látnar liggja á milli hluta, og verða rangfærslur í umsókninni ekki látnar hafa áhrif á efnislega umsögn Orkustofnunar um hana.

Það er fullkomlega rangt og ekki stutt neinum rökum, sem fullyrt er í greinargerð Almennu verkfræðistofunnar og ÍSOR með umsókn Icelandic Water Holdings ehf. um nýtingarleyfi, að við umsögn sína dags. 4. febrúar 2008 um kæru vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar dags. 3. maí 2007 um undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum, hafi Orkustofnun ekki litið til upplýsinga úr skýrslu stofnunarinnar frá 1995, eða að umsögnin sé í andstöðu við niðurstöður hennar. Skýrsla Orkustofnunar frá 1995 *Þorlákshöfn – grunnvatn og vatnsvernd* var lögð til grundvallar á sínum tíma, þegar verndarsvæði vatnsbóla voru ákvörðuð og sett í það aðalskipulag fyrir Ölfus sem gildi fram til 14. júní 2007. Nægir að skoða myndir 11.1 og 11.2 í skýrslunni frá 1995 er sýna tillögur að vatnsverndarsvæðum og bera þær saman við vatnsverndarsvæði skv. aðalskipulagi til að sjá að svo er. Röksemdafærsla Orkustofnunar um vatnafar á svæðinu í umsögnum stofnunarinnar til umhverfisráðuneytisins dags. 4. febrúar, 12. júní og 19. júní sl. byggir einmitt á því að vatnsverndarsvæði samkvæmt fyrri skipulagi – og þar með samkvæmt tillögum í skýrslunni frá 1995 – séu rétt afmörkuð, og breytingin sem gerð var 14. júní 2007 með afmörkun iðnaðarsvæðis innan fyrri vatnsverndarsvæðis sé örökstudd og óráðleg, nema mótvægisáðgerðir komi til. Tilvísunin til aðalskipulagsins og

breytinga á því í fyrrnefndri umsögn stofnunarinnar dags. 4. febrúar sl., svo og til fyrirbyggjandi þekkingar um grunnvatnsstrauma á svæðinu er almenn, og innifelur þá þekkingu sem lá til grundvallar við afmörkun vatnsverndarsvæða í aðalskipulagi Ölfuss. Þar á meðal er skýrslan frá 1995 og þær 23 aðrar heimildir sem sú skýrsla vísar til.

Tvö dæmi um frekari þverstæður í greinargerð þeirri er fylgir umsókninni er rétt að nefna.

Efst á bls. 3 í greinargerðinni segir: "Á meðfylgjandi teikningu 1 eru sýndar tillögur Orkustofnunar frá 1995 um vatnsvernd í grennd við Þorlákshöfn. Þær línur voru dregnar með mikilli varúð og með það fyrir augum að verndarsvæði vatnsbólanna yrði örugglega nógu stórt. Vatnsverndarlínan fyrir aðalvatnsból Þorlákshafnar skv. tillögum Orkustofnunar [1] liggur um austurjaðar túns við Hlíðarenda. Verksmiðjureiturinn er um 300 metrum vestan við þessa línu. Vatnsvernd hefur verið aflétt af vatnsbóli við Unubakka. *Sjá má af þessu að staðsetning verksmiðjunnar við Hlíðarenda ógnar ekki áformum um nýtingu grunnvatns á svæðinu.* Vatnsvernd hefur nú verið aflétt af verksmiðjulóðinni en forsvarsmenn verksmiðjunnar hafa engu að síður ákveðið að umgangast svæðið eins og það nyti vatnsverndar." Leturbreyting á einni setningu í framangreindri tilvitnun er Orkustofnunar. Í setningu eitt og tvö af setningunum þremur þar á undan segir réttilega að gamla vatnsverndarlínan fyrir vatnsból Þorlákshafnar liggi um austurjaðar túns við Hlíðarenda og að verksmiðjureiturinn sé vestan við þá línu. Þar með hlýtur reiturinn að lenda inni á vatnsverndarsvæðinu eins og það var afmarkað skv. tillögum Orkustofnunar frá 1995, og engan veginn er því hægt að draga þá ályktun í beinu framhaldi að staðsetning verksmiðjunnar við Hlíðarenda ógni ekki nýtingu grunnvatns á svæðinu, hvort sem er nú eða síðar. Því skal hins vegar haldið vandlega til haga, að í beinu framhaldi skuldbindur umsækjandi sig til "að umgangast svæðið eins og það nyti vatnsverndar".

Á teikningu 1 með greinargerðinni, sem dagsett er í maí 2008, eru sýnd "Vatnsverndarsvæði skv. Aðalskipulagi". Rétt er að benda á að þar er sýnt vatnsverndarsvæði vatnsbóls Þorlákshafnar eins og það var ákvarðað fyrir breytinguna á aðalskipulaginu 14. júní 2007, áður en iðnaðarsvæði fyrir vatnsverksmiðju var afmarkað og stigi vatnsverndar breytt á litlu svæði í kringum lindir við Hlíðarenda. Mörk iðnaðarsvæðisins eru ekki sýnd á teikningunni, en afstaða þess gagnvart vatnsverndarsvæðum neysluvatnsbóla fyrir og eftir breytingu á aðalskipulagi skiptir miklu máli gagnvart nýtingu vatnsauðlinda á svæðinu og vernd þeirra fyrir spjöllum.

Skal þessum inngangi þar með lokið, og efnisleg umsögn og eftir atvikum rökstuðningur Orkustofnunar varðandi umsóknina um nýtingarleyfi rakín.

Það er álit Orkustofnunar að hafa þurfi í huga ákvæði 17. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu við útgáfu nýtingarleyfis í framhaldi af umsókn Icelandic Water Holdings ehf. og að setja þurfi skilyrði í leyfið í samræmi við 5., 6., 7., 9. og 12. tölulið í 18. gr. sömu laga. Orkustofnun hefur (sjá áður ívitnað bréf frá 4. febrúar sl.) lýst áhyggjum sínum af hættu er aðalvatnsbóli Þorlákshafnar kynni að stafa frá rotþróum eða siturlögnum á iðnaðarsvæðinu og frá olíu og annarri mengun af völdum þungaflutninga að og frá verksmiðjunni, svo sem vegna umferðaróhappa. Rétt er um leið að hafa í huga að skv. 15. gr. laga nr. 57/1998 hafa þarfir vatnsveitu forgang umfram aðra nýtingu á grunnvatni.

Nú er ljóst af gögnum er fylgja umsókninni að ekki þarf lengur að hafa áhyggjur af frárennsli verksmiðjunnar, þar sem því verður beint út fyrir bæði iðnaðarsvæðið og vatnsverndarsvæðin þar í kring. Er hér um fullnægjandi lausn að ræða hvað það varðar að áliti Orkustofnunar.

Þá er aðeins eftir að finna og framkvæma hæfilegar mótvægisáðgerðir vegna hættu frá þungaflutningum, en fyrirhugaðar ferðir flutningabifreiða að og frá verksmiðjunni þegar hún

er komin í fullan rekstur munu skipta tugum hvern virkan dag. Hér ber að taka mið af skuldbindingu umsækjanda um að umgangast svæðið eins og það nyti vatnsverndar. Hins vegar eru ekki tilgreindar í umsókninni neinar tillögur eða sértækar skuldbindingar umsækjanda um beinar aðgerðir í þessu tilliti, svo sem um t.d. þéttidúk undir vegstæði og bílapan; gerð, magn eða staðsetningu fylliefna sem tefja myndu framrás olíu niður til grunnvatnsins, eða um notkun flutningabifreiða sem brenna t.d. metani eða vetni í stað dísilolíu. Ástæða er til að kalla eftir tillögum umsækjanda um aðgerðir í þessu sambandi og setja eftir atvikum skilyrði í nýtingarleyfið um samþykki þeirra innan ákveðins frests, ásamt tilheyrandi eftirlitsákvæðum.

Að lokum er rétt að benda á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir umsækjanda vegna minna rennslis en áður í læk þeim er rennur frá svæðinu, en lind sú er nýta á fæðir hann að hluta. Að áliti Orkustofnunar eru tilgreindar mótvægisáðgerðir af hálfu Icelandic Water Holdings ehf. fullnægjandi til að tryggja óbreytt rennsli í læknum og þar með óraskað vatnafar á yfirborði eins og kostur er.

Að teknu tilliti til þeirra atriða er hér á undan hafa verið rakin gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við að samþykkt sé fyrirleggjandi beiðni Icelandic Water Holdings ehf. um leyfi til nýtingar á lindum í landi Hlíðarenda í Ölfusi til vatnsvinnslu.

Virðingarfyllt



Kristinn Einarsson



Lárus Ólafsson